

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. maí 2018

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum (stefnumótun á sviði húsnæðismála, hlutverk Íbúðalánasjóðs) – Þingskjal 675 – 469. mál.**

Visað er til tölvubréfs dags. 19. apríl 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun leyfir sér að gera alvarlegar athugasemdir við umrætt frumvarp varðandi upplýsingar sem stofnunin skuli veita Íbúðalánasjóði. Hér að neðan verður nánar gerð grein fyrir athugasemdum þessum.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins segir m.a. um hlutverk Íbúðalánasjóðs:

*„Íbúðalánasjóði er heimilt að krefja stjórnvöld og stofnanir um gögn og upplýsingar um húsnæðismarkaðinn sem nauðsynlegar eru vegna verkefna skv. 1. mgr. og er þeim skylt að veita Íbúðalánasjóði upplýsingarnar á því formi sem óskað er eða um semst og innan þeirra tímamarka sem sjóðurinn ákveður. Íbúðalánasjóður skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verður háttáð, gögn varðveitt og niðurstöður birtar. Er hér m.a. átt við Hagstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, ríkisskattstjóra og Tryggingastofnun ríkisins.“*

Í athugasemd við 4. gr. frumvarpsins kemur fram að ætlunin sé að Íbúðalánasjóður annist rannsóknir á sviði húsnæðismála, t.a.m. söfnun úrvinnslu gagna og útgáfu upplýsinga. Svo segir m.a.

*“er lagt til að sjóðurinn hafi heimild til þess að kalla eftir nauðsynlegum gögnum um húsnæðismarkaðinn frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra vegna verkefna þeirra sem honum eru falin í 1. mgr., þ.m.t. Hagstofu Íslands, Þjóðskrá Íslands, ríkisskattstjóra og Tryggingastofnun ríkisins. Um er að ræða gögn sem varða efnahag heimila eftir svæðum, svo sem um tekjur, eignir, atvinnuþátttöku og örorku, fasteignaupplýsingar og önnur gögn sem varða húsnæðismál. Mikilvægt er að sjóðurinn hafi greiðan aðgang að þeim tölfræðiupplýsingum sem umræddar stofnanir safna til þess að geta sinnt greiningar- og stefnumörkunarlutverki því sem honum er ætlað með frumvarpi þessu.*

*Hagstofa Íslands annast nú þegar skýrslugerð um ýmsa þætti sem snúa að húsnæðismarkaðnum og safnar því stærstum hluta þeirra gagna sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn þurfi. Gert er ráð fyrir því að vinnsla og afhending gagnanna verði án sérstaks endurgjalds af hálfu Íbúðalánasjóðs, en sambærilegt ákvæði er í 2. mgr. 6. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007.“*

Tryggingastofnun vill árétta að þagnarskylda ríkir um söfnun þeirra upplýsinga er stofnunin aflar til að geta sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Stofnunin hefur yfir að ráða miklu magni persónulegra upplýsinga sem oft á tíðum eru afar viðkvæmar. Eðli máls samkvæmt er afar brýnt að fara varlega í að veita almennar heimildir til miðlunar þeirra. Það er því mat okkar að umrætt ákvæði um upplýsingaöflun og samkeyrslu þessara gagna gangi á svig við góða stjórnsýslu og persónuvernd.

Tryggingastofnun telur sig sinna öflugu upplýsingahlutverki og er mikið af upplýsingum aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar [www.tr.is](http://www.tr.is) n.t.t. undir „mælaborð“ þar sem liggja frammi margvíslegar tölulegar upplýsingar. Þá gefur stofnunin auk þess út staðtölur á hverju ári sem einnig eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar. Ef þurfa þykir og fyrir því yrðu fengin viðeigandi leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefndar eftir atvikum væri hægt að gera sérstakar úttektir á húsnæðismálum okkar skjólstæðinga, enda væru þeir upplýstir um slíka vinnslu.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri